

Ed.

389. Frumvarp til laga

[220. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Jörð eða lögbýli teljast enn fremur býli, sem hlotið hafa samþykki landbúnaðarráðuneytisins sem ný býli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til breytinga á jarðalögum nr. 65/1976. Í því frumvarpi er lagt til, að landnámsstjórn verði lögð niður og að reglum um viðurkenningu á nýjum býlum verði breytt, þannig að samþykki landbúnaðarráðuneytisins þurfi til að stofna nýtt býli til búvöruframleiðslu, enda séu uppfyllt ýmis skilyrði sem fram koma í frv. Er lagt til í frv. þessu, að lögum nr. 64/1976 verði breytt til samræmis við þær tillögur, sem felast í franiangreindu frumvarpi til breytinga á jarðalögum.